

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 21. nóvember 2023 í máli nr. 56/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 22. júní 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili. Sóknaraðili telur farsíma sem hún festi kaup á vera gallaðan og krefst þess að fá afhentan nýjan farsíma eða endurgreiðslu kaupverðs.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hún festi kaup á farsíma af gerðinni Iphone 13 þann 6. nóvember 2022. Að sögn sóknaraðila hafi hljóðnemi farsímans hætt að virka og því geti hún ekki notað tækið að öllu leyti. Sóknaraðili kveðst hafa leitað til tryggingafélags síns vegna þessa en félagið hafi hafnað bótaskyldu þar sem um framleiðslugalla væri að ræða. Sóknaraðili kveðst hafa keypt farsímamann með greiðsludreifingu og eigi enn eftir að greiða í sex mánuði af tækinu. Sóknaraðili krefst þess að fá afhentan nýjan farsíma eða endurgreiðslu kaupverðs.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa segir að kærunefndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

„Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta“.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Í kvörtun sóknaraðila er hvergi að finna upplýsingar um gagnaðila hennar. Þá bárust engin gögn með kvörtun sóknaraðila. Þann 23. júní 2023 var óskað eftir því af hálfu kærunefndarinnar að sóknaraðili myndi uppfæra kvörtun sína og tilgreina hver seljandi farsímans væri. Þá var óskað eftir framlagningu gagna til stuðnings kröfu sóknaraðila í málinu. Krafan var ítrekuð með bréfum, dags. 12. júlí og 18. ágúst 2023. Hefur sóknaraðili ekki orðið við beiðni kærunefndarinnar.

Í málinu liggja því ekki fyrir gögn sem staðfesta hver er seljandi farsímans, um kaup sóknaraðila á farsímanum, staðfesting á skemmdum á farsímanum eða upplýsingar um atvik máls að öðru leyti. Kærunefndin telur sér þar af leiðandi ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfu sóknaraðila á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kærunefndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson